

Sp. 658. Tillaga til þingsályktunar [295. mál]

um langtímaáætlun um þróunarsamvinnu.

Flm.: Kjartan Jóhannsson, Karl Steinar Guðnason, Árni Gunnarsson, Eiður Guðnason, Vilmundur Gylfason, Karvel Pálmason, Jóhanna Sigurðardóttir, Magnús H. Magnússon, Sighvatur Björgvinsson, Jón Baldvin Hannibalsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta Þróunarsamvinnustofnun Íslands gera í samráði við fulltrúa þingflokka fimm ára áætlun um aukinn stuðning Íslendinga við þau ríki sem skemmst eru komin á þróunarbrautinni.

Fjárhagslegar forsendur áætlunarinnar séu þær, að framlög hins opinbera nemi 0.7% þjóðarframleiðslunnar í lok áætlunartímabilsins, jafnhliða því sem frjáls framlög almennings verði 0.3% — eða aðstoðin samtals 1% af þjóðarframleiðslu. Til að ná þessu marki verði við það miðað að tvöfalda opinbert framlag á hverju ári næstu árin.

Greinargerð.

Fjárframlög til þessa málaflokks hér á landi eru langt frá því að vera sambærileg við þann stuðning sem önnur Norðurlönd veita. Það er yfirlýst markmið, sem Ísland hefur aðhyllt, að 1% þjóðarframleiðslu þróaðra þjóða renni til aðstoðar við þau lönd sem skemmst eru komin á þróunarbrautinni, og er þá miðað við að opinber framlög nemi 0.7% þjóðarframleiðslunnar, en einkaframlög 0.3%.

Fjárveiting Íslands til þróunarríkja á fjárlögum 1982 nemur 0.005% af þjóðarframleiðslu. Þetta framlag þarf rúmlega að tífalda til að ná settu marki. Til þess að ná því markmiði virðist ráðlegt að stíga ákveðin skref á hverju ári. Með árlegri tvöföldun framlaga næðist hið setta mark á fimmta ári.

Áriðandi er að þetta fé nýtist sem best. Með þessari þingsályktunartillögu er stefnt að því tvíþætta markmiði, að Alþingi ákveði annars vegar að ná settu marki í þróunaraðstöð innan fimm ára og hins vegar að Þróunarsamvinnustofnun Íslands fái tækifæri til að vinna skipulega að verkefni þessu.